

Fréttapistill frá forseta Íslands

14. september 2020

Samfélagsmiðlar hafa gerbreytt öllum samskiptum okkar. Nú er mögulegt að vera í sambandi við annað fólk hvar sem er og hvenær sem er, skiptast á skoðunum, flytja fréttir og leggja mat á þær. Þessu fylgja kostir og gallar eins og við vitum eflaust flest. Orðið skoðun er einmitt skemmtilegt orð og gagnsætt. Við höfum okkar skoðanir. Við höfum frelsi til að tjá þær og netbylting þessarar aldar veitir okkur tækifæri til að gera það í miklu ríkari mæli en áður. En orðið skoðun þýðir líka ígrundun, það að skoða eitthvað. Höfum við alltaf skoðað mál í þau áður en við myndum okkur skoðun og látum hana berast? Skoðun af því tagi mætti gjarnan koma á undan yfirlýstri skoðun á mönnum og málefnum. Fyrst skoðun, svo skoðun. Hvernig væri það?

Fyrsta embættisverk nýliðinnar viku, sem segja má að sé í frásögu færandi, var fróðlegt og skemmtilegt þótt það hafi snúist um alvarlegt efni. Í tilefni Alþjóðlega Duchenne dagsins var boðað til kynningar- og samverustundar í Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði. Ég flutti þar stutt ávarp og tók þá meðal annars undir með öðrum ræðumanni, Guðjóni Reykdal Óskarssyni, doktorsnema og lyfjafræðingi hjá Íslenskri erfðagreiningu. Duchenne er vöðvarýrnunarsjúkdómur sem leggst nær eingöngu á drengi og minnkar lífslíkur þeirra þótt stöðugt sé unnið að leiðum til að vinna gegn áhrifum hans og finna lækningu sem virkar. Guðjón sagði mikilvægt að vera æðrulaus andspænis erfiðum sjúkdómum, og ekki væri síður brýnt að búa yfir ríku skopskyni. Undir það tók ég og naut þessarar stundar á Völlunum í Hafnarfirði. Ég dansaði þó ekki til að auka vitund fólks um Duchenne eins og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og fleiri hafa gert með glæsibrag. Ég efast um að slíkt yrði nokkrum málstað til góðs! Nánari upplýsingar um Duchenne má sjá hér: <https://www.facebook.com/DuchenneVodvayrnun/>

Í vikunni voru fleiri dagar tileinkaðir sérstökum þáttum samfélagsins. Síðastliðinn þriðjudagur var dagur læsis og er svo sannarlega vel til fundið að minna á mikilvægi þess. Tveimur dögum síðar, 10. september, var Alþjóðlegur forvarndagur sjálfsvíga. Um þann dag má lesa hér: <https://pieta.is/6489-2/>. Eliza er verndari Píeta-samtakanna á Íslandi sem sinna forvörnum gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja aðstandendur.

Þriðjudaginn 8. september afhenti ég Íslensku þekkingarverðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Félag viðskipta- og hagfræðinga stendur ár hvert að verðlaununum og eru þau veitt á Íslenska þekkingardeginum. Viðburðurinn var í þetta sinn með öðru og minna sniði en venjulega vegna nauðsynlegra sóttvarna. Í ár hlaut Íslandsbanki verðlaunin og tóku fulltrúar hans við þeim.

Fimmtudaginn 10. september kom Sigurborg Ingunn Einarsdóttir, fyrrverandi ljósmóðir og hjúkrunarforstjóri, til Bessastaða. Hinn 17. júní var hún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til heilbrigðisþjónustu í heimabyggð en hafði ekki tök á að halda að Bessastöðum og þiggja orðuna þá.

Á föstudaginn var sótti ég tvo kappleiki í Garðabæ við upphaf Íslandsmótsins í handknattleik. Handknattleikssamband Íslands hefur hleypt af stokkunum átaki til að styrkja hlut stúlkna og kvenna í þeirri ágætu íþrótt. Breytum leiknum heitir það ágæta frumkvæði og ég hvet fólki til að kynna sér það nánar hér:

<https://www.breytumleiknum.is/>. Þarna kemur meðal annars fram að við 14 ára aldur hætta tvöfalt fleiri stúlkur en drengir í íþróttum. Yfirgnæfandi hluti þeirra segir að þeim finnist þær ekki nógu góðar eða sjái ekki neina framtíð fyrir sér í íþróttum. Loks segir þarna að í íþróttufréttum heimsins sé hlutfallið milli umfjöllunar um konur og karla svona, körlunum í vil: 96-4. Þessu öllu þurfum við að breyta.

Í fyrradag hélt ég til Egilsstaða. Fyrir skömmu tóku heimamenn þar í notkun nýtt fimleikahús sem stórbætir alla aðstöðu þar. Einnig er hægt að æfa þar frjálssar íþróttir. Undanfarin ár hafa sjálfbóðaliðar eystra lagt á sig ómælda vinnu við byggingu hússins, í góðri samvinnu við sveitarfélagið og með stuðningi ýmissa fyrirtækja. Framkvæmdin er fyrirtaks vitnisburður um gildi samtakamáttar. Um leið stendur það til vitnis um ráðdeild og hyggjuvit. Húsið mun gegna sína hlutverki með sóma en hvergi gætir brúðls eða óhófs. Ég óska forystusveit Íþróttafélagsins Hattar og öðrum, sem komu að gerð hússins og munu nýta það, hjartanlega til hamingju. Mér auðnaðist líka að líta á nokkrar æfingar hjá hressum krökkum í Hetti og hafði að sjálfsögðu gaman af því.

Á sunnudagsmorgni, áður en leiðin lá heim á ný, nýtti ég tækifærið og fór í dálítinn skokktúr um Egilsstaði, yfir brúna yfir Lagarfljót og í Fellabæ. Fjöldi annarra göngu- og hlaupaleiða er á þessum slóðum og nefni ég til dæmis Selskóg en þangað lagði ég leið mína síðast. Mynd að neðan er tekin í þessu morgunskokki. Vonandi kemst kyrrðin og fegurðin til skila. Ég þakka heimamönnum eystra fyrir gestrisni þeirra og hlýhug.

Lesendum öllum óska ég velfarnaðar.